

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Starfssjóð Félags fyrrverandi sóknarpresta, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. maí 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Starfssjóð Félags fyrrverandi sóknarpresta.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfssjóður Félags fyrrverandi sóknarpresta.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af stjórn Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar með kr. 250 000 stofnframlagi, sem er gjöf úr Stofnendasjóði Grundar á árinu 1987, til þess að minnst þess, að á því ári eru liðin 65 ár frá því að Elli- og hjúkrunarheimilið Grund tók til starfa, hinn 29. október 1922, og 35 ár síðan Dvalarheimilið Ás/Ásbyrgi í Hveragerði tók til starfa, hinn 26. júlí 1952, eða samtals 100 starfsár.

Jafnframt því að minnst þessara tímamóta, er gjöfinni ætlað að vera þakklætisvottur til Félags fyrrverandi sóknarpresta fyrir vináttu og ræktarsemi félaga þess við fyrrnefndar stofnanir á undangengnum áratugum.

3. gr.

Starfssjóði Félags fyrrverandi sóknarpresta er ætlað að styrkja og aðstoða félagsmenn, einnig eftirlifandi maka þeirra, og efla félagsstarfið eftir föngum.

4. gr.

Tekjur starfssjóðsins eru gjafir, áheiti, heiðurs- og minningargjafir, vaxtatekjur og verðbætur. Heiðurs- og minningagjafabók skal gerð og þar skráðar heiðurs- og minningagjafir.

Starfssjóðurinn safnar fé í fimm ár og má á því tímabili verja 50% vaxtatekna og verðbóta til starfseminnar. Næstu fimm ár má verja 75% þessara tekna til starfseminnar.

Af 10 árum liðnum telst allt það fé, sem þá hefur safnast, ásamt vöxtum og verðbótum sem stofnfé, sem ekki má skerða. Skal þá stjórn Félags fyrrverandi sóknarpresta gera nýja skipulagsskrá.

5. gr.

Stjórn Félags fyrrverandi sóknarpresta stýrir málefnum Starfssjóðsins á hverjum tíma. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með ársreikningum félagsins hverju sinni.

6. gr.

Ávaxta skal Starfssjóð Félags fyrrverandi sóknarpresta í stofnunum sem eru ríkis-tryggðar.

7. gr.

Ef Félag fyrrverandi sóknarpresta hættir störfum, skal biskupsskrifstofunni í Reykjavík falið að varðveita sjóð þess.

Taki Félag fyrrverandi sóknarpresta til starfa að nýju, skal sjóður þess afhentur félaginu.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.